



Rannsóknarnefnd samgönguslysa,
b/t Jón A Ingólfsson rannsóknarstjóri,
Flugvallarvegi 7,
101 Reykjavík.

Lokaskýrsla RNSA í máli nr. 18-202 S 141.

Í samræmi við 35. gr. laga nr. 18/2013 upplýsir Reykjaneshöfn hér með Rannsóknarnefnd samgönguslysa (RNSA) um viðbrögð sín vegna *tillagna í öryggissátt* sem fram koma í lokaskýrslu í máli nr. 18-202 S 141 frá RNSA.

Skýrslan barst Reykjaneshöfn með tölvupósti í maí s.l. og var tekin fyrir á 242. fundi Stjórnar Reykjaneshafnar þann 11. júní. Eftirfarandi var bókað í fundargerð:

6. Rannsóknarnefnd samgönguslysa. (2020060198)

Þann 3. nóvember 2018 strandaði sementsskipið ms. Fjordvik á utanverðum sjóvarnargarðinum við Helguvíkurböfn. Frá þeim tíma hefur Rannsóknarnefnd samgönguslysa haft strandið til rannsóknar í samræmi við lög nr. 18/2013 um rannsókn samgönguslysa. Skýrsla nefndarinnar varðandi strandið var send Reykjaneshöfn með tölvupósti þann 9. maí s.l. Eftirfarandi var lagt fram: *Stjórn Reykjaneshafnar þakkar framkomna skýrslu og þau vönduðu vinnubrögð sem þar koma fram. Samkvæmt skýrslunni er ekki hægt að rekja strandið til eins ákveðins atviks heldur samspil margra smærri þátta og misskilnings í samskiptum hafnsögumanns og skipstjóra skipsins. Í skýrslunni eru tillögur til úrbóta í samskiptum við slíkar aðstæður, jafnt til skipstjóra, útgerðar og hafnar. Stjórn Reykjaneshafnar felur hafnarstjóra að yfirfari þær tillögur og nýta til að skerpa á verklagi hafnarinnar í framtíðinni. Samþykkt samhljóða.*

Sem viðbrögð við *tillögum um öryggissátt* hefur eftirfarandi átt sér stað frá 242. fundi Stjórnar Reykjaneshafnar: Hafnarstjóri Reykjaneshafnar hefur ásamt þremur hafnsögumönnum hafnarinnar rýnt það verklag sem viðhaft hefur verið varðandi móttöku skipa sem koma til hafnar hjá Reykjaneshöfn. Lagður hefur verið grunnur að verklagsreglum varðandi samskipti hafnsögumanna og skipa sem skulu yfirfarast reglulega með hliðsjón af virkni þeirra. Slík yfirferð verðu ekki sjaldnar en tvisvar á ári. Skyld er hafnsögumönnum hafnarinnar að sækja námskeið í mannauðsstjórnun og hafa tveir af þremur hafnsögumönnum sótt slíkt námskeið sem haldið var af Slysavarnarskóla sjómanna. Þriðji hafnsögumaður hafnarinnar er bókaður á slíkt námskeið í byrjun komandi árs. Jafnframt er ákveðið að hafnsögumenn fái endurmenntun á þessu sviði ekki sjaldnar en á þriggja ára fresti.

Undirritaður biðst afsökunar á því hve seint upplýsingar um viðbrögð Reykjaneshafnar við *tillögum um öryggissátt* sem fram koma í skýrslu RNSA í máli nr. 18-202 S 141 berast nefndinni. Helsta ástæðan fyrir því er það ástandi sem uppi er í þjóðfélaginu vegna COVID 19 og þær takmarkanir sem eru varðandi bein samskipti fólks. Til að tryggja óskerta starfsemi




Reykjaneshafnar á þessum tímum eru stífar reglur um bein samskipti starfsmanna sem seinkað hefur þeirri vinnu sem tilgreind er hér að undan.

Undirritaður vonar að viðbrögð Reykjaneshafnar uppfylli tilmæli RSNA varðandi rétt og fullnægjandi viðbrögð.

Reykjanesbær 29. desember 2020
virðingarfyllt,

f.h. Reykjaneshafnar



Halldór Karl Hermannsson,
hafnarstjóri Reykjaneshafnar.